

Garðabær
Gunnar Einarsson, bæjarstjóri
Ráðhúsi Garðabæjar
Garðatorgi 7
210 Garðabæ



Selfoss, 7. október 2019
Tilvísun: 2018110009
EHJ/
Tilv. ykkar:

Efni: Yfirfærsla Vífilstaðavegar (412-01 og 02), Elliðavatnsvegar (410-02) og Arnarnessvegar (411-02) frá Vegagerðinni til Garðabæjar

Visað er til fyrri samskipta Vegagerðarinnar og Garðabæjar vegna fyrirhugaðrar yfirfærslu Vífilstaðavegar (412-01 og 02), Elliðavatnsvegar (410-02) og Arnarnessvegar (411-02) frá Vegagerðinni til Garðabæjar.

Forsaga málsins er sú að skilgreining svonefndra stofnvega breyttist með gildistöku núverandi vegalaga nr. 80/2007, þann 1. janúar 2008. Hófst Vegagerðin í kjölfarið handa við að afhenda þá vegi sem færðust úr flokki þjóðvega yfir til sveitarfélaganna þ.á m. til Garðabæjar. Treglega gekk að ganga frá yfirfærslunni en Vegagerðin og Garðabær hafa átt í töluverðum samskiptum sín á milli og m.a. fundað vegna málsins allt frá árinu 2011 með hléum. Vegagerðin hefur ítrekað komið þeirri afstöðu sinni á framfæri að umræddar yfirfærslur verði að eiga sér stað í samræmi við gildandi löggjöf. Þrátt fyrir það hefur gengið treglega að ganga frá yfirfærslunni. Hefur Garðabær enn fremur, sem kunnugt er, unnið að breytingum á Vífilstaðavegi t.d. með gerð hraðahindrana og hringtorgs við Karlabraut án samráðs við Vegagerðina.

Við breytinguna sem fólst í lögum nr. 80/2007, féllu rúmlega 70 km þjóðvega í þéttbýli ekki lengur undir þjóðvegakerfið. Yfirfærsla umræddra vega hefur sem fyrr segir ekki komist að fullu til framkvæmda þar sem ágreiningur hefur verið um það í einhverjum tilvikum með hvaða hætti yfirfærslan skuli fara fram. Innanríkisráðherra skipaði nefnd til að endurskoða tiltekin ákvæði vegalaga, þ.á m. um framkvæmd vegalaga varðandi flokkun vega þar sem yfirfærsla svonefndra „skilavega“ til sveitarfélaganna hefði ekki komist að fullu til framkvæmda. Nefndin var skipuð fulltrúum innanríkisráðuneytisins, umhverfis- og auðlindaráðuneytisins, Vegagerðarinnar, Skipulagsstofnunar og Sambands íslenskra sveitarfélaga og skilaði nefndin einróma tillögum til ráðherra. Með lögum nr. 14/2015, um breytingu á vegalögum, nr. 80/2007, með síðari breytingum var bætt við lögum, nýju bráðabirgðaákvæði, svohljóðandi:

„Vegagerðinni er heimilt að semja við sveitarfélög um yfirfærslu vega frá Vegagerðinni til sveitarfélaga sem færðust úr flokki stofnvega við gildistöku laga nr. 80/2007. Heimilt er að Vegagerðin annist veghald veganna eða semji við sveitarfélögin um það til ársloka 2019.“

Samkvæmt framangreindu er alveg ljóst að umræddir vegir skuli færast yfir til sveitarfélaganna í síðasta lagi um næstu áramót og **er Vegagerðinni frá og með þeim tíma óheimilt að annast veghald veganna.**

Vegagerðin heldur utan um ástand slitlaga á þjóðvegakerfinu með sérstökum hugbúnaði en jafnframt fara fram kerfisbundnar skoðanir á vettvangi. Telur Vegagerðin að ástand Arnarnesvegur og Vífilstaðavegar sé viðunandi, að frátöldum kafla Vífilstaðavegar frá Hafnarfjarðarvegi að Litlatúni, en sá kafla er hluti af framkvæmdum sem áformaðar eru á endurbótum vegamóta Hafnarfjarðarvegur og Vífilstaðavegar sem stefnt er að því að fara í á árinu 2020. Til að unnt sé að koma slitlagi á Elliðavatnsvegi, sbr. meðfylgjandi samningsdrög, *fskj. 1*, í viðunandi horf býður Vegagerðin fram eingreiðslu að fjárhæð 7 millj. kr. til Garðabæjar samhliða yfirfærslu veganna.

Fyrirgreint lagaákvæði heimilar Vegagerðinni að annast veghald skilaveganna svonefndu allt til ársloka 2019. Frá og með því tímamarki er Vegagerðinni ekki lengur heimilt að sinna né kosta veghald umræddra vega. Í einhverjum tilvikum hafa komið fram kröfur um að það fjármagn sem nú er á hendi Vegagerðarinnar vegna veghalds umræddra vega færist yfir til sveitarfélaganna samhliða yfirfærslu. Vegna þess er rétt að taka fram að ákvörðun um slíkt er ekki á valdi Vegagerðarinnar. Sé ætlunin að gera breytingar á því fyrirkomulagi verður það gert á vettvangi fjárveitingavaldsins en ekki með einhliða ákvörðun Vegagerðarinnar né er stofnuninni heimilt að semja þar um.

Með vísan til alls framangreinds sendir Vegagerðin Garðabæ meðfylgjandi drög að samningi um skil á eftirfarandi vegum frá Vegagerðinni til Garðabæjar, sbr. *fskj. 1*:


Garðabær	412-01	Vífilstaðavegur	1,9
	412-02	Vífilstaðavegur	0,82
	410-02	Elliðavatnsvegur	4,58
	411-02	Arnarnesvegur	0,16

Varðandi Vífilstaðaveg, þá er um að ræða 2,72 km langan kafla frá Hafnarfjarðarvegi að Elliðavatnsvegi, en hins vegar er um að ræða Elliðavatnsveg, 4,58 km að lengd, sem nær frá Vífilstaðavegi að sveitarfélagamörkum milli Hafnarfjarðar og Garðabæjar austan við Kaldárselsveg. Enn fremur er um að ræða Arnarnesveg frá Hafnarfjarðarvegi að Súlunesi/Hegranesi, ásamt hluta af að- og fráreinum, sbr. *fskj. 1*.

Óskað er eftir afstöðu Garðabæjar til samningsdraganna eigi síðar en fjórum vikum frá dagsetningu bréfs þessa. Vegagerðin er að sjálfsögðu reiðubúin að funda enn á ný vegna málsins.

Takist ekki samkomulag milli Vegagerðarinnar og Garðabæjar um fjárhæð greiðslna til að koma fyrirgreindum skilavegum í viðunandi ástand skal ítrekað að Vegagerðin mun hætta allri þjónustu á umræddum vegum frá og með 1. janúar nk. enda hefur stofnunin ekki heimild að sinna veghaldi á öðrum vegum en þjóðvegum.

Virðingarfyllst,


Svanur G. Bjarnason, svæðisstjóri
Fylgiskjöl:



1. Samningsdrög